

REGLUGERÐ

um breytingu á viðauka II við reglugerð um starfshætti
þeirra er annast almenna skoðun ökutækja,
nr. 558 31. desember 1993.

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í viðauka II bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Til 31. desember 1997 er skoðunarstofu í flokki II, III eða IV, sem hefur mælitæki til að mæla reykyþykni frá dísilvélum og tæki til að mæla afköst hemla í akstri, sbr. 3. gr., heimilt að skoða bifreið sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd, enda sé fjarlægð að skoðunarstofu í flokki I yfir 35 km.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. maí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds á Höfn fyrir árið 1994.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hunda í lögsagnarumdæmi Hafnar, sbr. c-lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Höfn 27. júní 1991 skal vera 4.000 fyrir árið 1994, gjald fyrir annan hund í eigu sama einstaklings verði 2.000. Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. september 1994.

2. gr.

Handsömunargjald skal vera 3.000 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Hafnar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. maí 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.